

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. mars 2017 breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. desember 2016.

Í breytingunni felst einkum stækkun opins svæðis til sérstakra nota O5 á Kirkjubólseyrum í Norðfirði um 11 ha, sem áður var landbúnaðarsvæði. Eftir breytinguna verður svæði fyrir hesthús og annan frístundabúskap 20 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 10. mars 2017.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2017